

# Málefнасamningur

## Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra

### vegna meirihlutasamstarfs í bæjarstjórn Akraness kjörtímabilið 2018-2022

Lögð verður áhersla á gott samstarf allra flokka í bæjarstjórn, vandaða og faglega stjórnsýslu og þróun á virku íbúalýðræði. Áfram verður unnið að því að styrkja fjárhagsstöðu bæjarsjóðs með það að markmiði að veita íbúum á Akranesi góða þjónustu í hvívetna.

**Markmið okkar á kjörtímabilinu eru:**

#### Velferð

**Gott verði að búa á Akranesi frá vöggu til grafar. Við viljum:**

- Auka úrræði til að virkja fólk til frumkvæðis, sjálfshjálpar og atvinnuþátttöku.
- Standa vörð um starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og vinna með stjórnendum hennar við að styrkja og auka þjónustu stofnunarinnar.
- Halda áfram uppbyggingu á starfsemi Höfða í samráði við alla hagsmunaaðila.
- Vinna að uppbyggingu leiguíbúða fyrir einstaklinga og fjölskyldur.
- Setja skýra stefnu í aðgengismálum fólks með skerta hreyfigetu.
- Tryggja að öryrkjar og fólk með fötlun fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.
- Endurskoða reglur kaupstaðarins um ferðaþjónustu fatlaðra, með það að markmiði að bæta þjónustuna.
- Setja reglur um NPA og bjóða þá þjónustu sem raunhæfan valkost fyrir fatlaða íbúa á Akranesi.
- Stefna að opnun skammtí mavistunar fyrir fötluð börn á Akranesi.

#### Aldursvænt samfélag

**Gott verði að eldast á Akranesi. Við viljum:**

- Stuðla að heilsueflingu eldra fólks, í samræmi við markmið um heilsueflandi samfélag og tryggja gott aðgengi að íþróttaaðstöðu.
- Klára uppbyggingu þjónustu- og félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara á kjörtímabilinu.
- Að eldri borgurum sé gert kleift að búa sem lengst á eigin heimili og fái þann stuðning sem þarf hverju sinni.
- Vinna að uppbyggingu á fjölbreyttum búsetuúrræðum fyrir eldra fólk.
- Mæta ólíkum þörfum fólks við starfslok til að tryggja áframhaldandi virka þátttöku í samfélaginu.

#### Menntamál

**Að skólar Akraness verði ávallt í fremstu röð. Við viljum:**

- Vinna markvisst að því að skólastarf á Akranesi verði áfram í fremstu röð, ekki síst í ljósi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem vænta má í atvinnu- og menntamálum vegna örra tæknibreytinga.
- Halda íbúáþing um menntamál.
- Auka stuðning og bæta vinnuaðstæður starfsmanna og nemenda í leik- og grunnskólum.
- Hefja undirbúning á byggingu nýs leikskóla í samráði við hagsmunaaðila.
- Kanna möguleika á að gerast tilraunasveitarfélag í rekstri framhaldsskóla.
- Marka skólafélag fyrir 16-18 ára nemendur, í samvinnu við FVA.

### Íþrótt- og æskulýðsmál

**Lögð verður áhersla á að stuðla að heilsuefningu íbúa á öllum aldri í samræmi við markmið um heilsuefliandi samfélag. Forvarnargildi íþróttar og tómtunda er óumdeilt og gott samstarf við íþrótt- og tómtundafélög er mikilvægt svo það gangi eftir. Markviss uppbygging íþrótt- og frístundaáðstöðu er stór þáttur í því. Við viljum:**

- Vinna stefnumörkun í íþrótt- og æskulýðsmálum, út frá markmiðum um heilsuefliandi samfélag.
- Gera langtímaáætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í virkri samvinnu við íþróttahreyfinguna og fylgja henni eftir með raunhæfri framkvæmdaáætlun.
- Ljúka uppbyggingu fimleikahúss við Vesturgötu.
- Tryggja frístundaheimilum góða aðstöðu og mæta gæðaviðmiðum um starfsemi þeirra.
- Ganga frá samningum við Íþróttabandalag Akraness um aðstöðu og starfsemi.

### Umhverfismál

**Akraneskaupstaður verði framúrskarandi í umhverfismálum og umhverfisvitund. Við viljum:**

- Auka umhverfisvitund með aukinni fræðslu og leiðbeiningum um hvernig megi stuðla að endurvinnslu og nýtingu hráefna.
- Draga úr plastnotkun.
- Setja upp grenndarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang.
- Auka flokkunarmöguleika og bæta við lífrænni flokkun.
- Stofnanir bæjarins verði í fararbroddi í flokkun sorps.

### Skipulagsmál

**Að Akranes verði fallegur bær og bæjarbúar fái að taka þátt í forgangsröðun verkefna. Við viljum:**

- Horfa til framtíðar í skipulagsmálum, marka heildarsýn og setja markmið um hvernig við viljum sjá Akranes árið 2050.
- Miða allar skipulagsákvæðanir dagsins í dag við þessa heildarsýn og markmið.
- Gera langtímaáætlun um endurnýjun slitlags á götum bæjarins, byggða á þarfagreiningu og íbúar hafi aðgang að upplýsingum um hana.
- Gefa íbúum möguleika á að taka ákvörðun um forgangsröðun verkefna með rafrænni kosningu.

- Halda áfram uppbyggingu göngu- og hjólreiðastíga, með þarfir hjólandi, gangandi og hreyfihamlaðra í forgangi.
- Bæta öryggi vegfarenda á Akranesi.
- Stuðla að eflingu slökkviliðs í samstarfi við Hvalfjarðarsveit og athafnasvæðið á Grundartanga.

### Samgöngur

**Öryggi vegfarenda og þarfir notenda verði í fyrirrúmi í forgangsróðun samgönguverkefna. Við viljum:**

- Vinna áfram að framgangi Samgönguáætlunar Vesturlands 2017-2029 í samvinnu við nágrannasveitarfélög innan SSV.
- Knýja á um vegbætur á Kjalarnesi án tafar.
- Tala skýrt gegn hugmyndum um sérstaka vegtolla á notendur Vesturlandsvegar.
- Að eftir afhendingu Hvalfjarðarganga til ríkisins verði öryggi vegfarenda tryggt.
- Hefja ferjusiglingar að nýju milli Akraness og Reykjavíkur.

### Menningar og safnmál

**Að menningarlíf á Akranesi verði fjölbreytt. Við viljum:**

- Auka opnunartíma bókasafnsins.
- Standa myndarlega að föstum viðburðum og menningarhátíðum bæjarins og upplýsa og hvetja bæjarbúa til aukinnar þátttöku í þeim.
- Skapa vettvang til menningarþátttöku unga fólksins.
- Fylgja menningarstefnu bæjarins eftir með aðgerðaáætlun.
- Gera styrkjamál aðgengilegri á vef bæjarins og fjölga úthlutunartímabilum.
- Styrkja menningarlífið í bænum með því að tiltækt sé húsnæði fyrir listamenn, leikhópa og tónlistarfólk til að vinna að listsköpun og kynna sig og verk sín.
- Nýta Tónberg betur sem vettvang menningar og lista í góðu samráði við starfsmenn Tónlistarskólans.
- Styðja enn betur við það metnaðarfulla starf sem unnið er á safnasvæðinu.
- Bjóða upp á Skagapassann, sem veitir aðgang með afslætti að t.d. söfnum, sundlaugum og viðburðum.

### Atvinnumál

**Lögð verður áhersla á að fjölga atvinnutækifærum með því að efla atvinnulíf á Akranesi, hvetja til nýsköpunar og þróunar og auka fjölbreytni atvinnulífs. Við viljum:**

- Endurskoða atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar, þar sem meðal markmiða verði að stuðla að nýsköpun, fjölbreytileika og jafnframt að efla þær atvinnugreinar sem fyrir eru á Akranesi.
- Setja á fót atvinnumálanefnd til að vinna að markaðsmálum og eflingu atvinnulífs á Akranesi og skapa vettvang til umræðu um atvinnumál.
- Ráða verkefnastjóra í atvinnumálum.

- Gæta vel að framboði og fjölbreytni lóða og húsnæðis fyrir atvinnustarfsemi á Akranesi.
- Stuðla að uppbygginu á hafnarsvæði.
- Stuðla að eflingu atvinnusvæðisins við Grundartanga í takt við markmið Próunarfélagsins, um að efla og bæta skilyrði fyrir stofnun og rekstur fyrirtækja á svæðinu, með áherslu á umhverfsvæna starfsemi og bættu nýtingu hráefna.
- Störf án staðsetningar.

### Ferðamál


**Efla þarf ferðaþjónustu og auglýsa Akranes sem áhugaverðan kost í þeim efnum. Við viljum:**

- Að Akraneskaupstaður setji sér stefnu í ferðamálum.
- Tengja saman ferðaþjónustu, útivist og menningu.
- Bæta upplýsingagjöf til ferðamanna.
- Vekja athygli á Akranesi sem góðum kosti fyrir fyrirtæki sem starfa í ferðaþjónustu.
- Vinna að því að styðja við áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi um forgangsroðun áherslna um hótél, samgöngur, merkingar og um samvinnu milli sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila.

### Stjórnsýsla

**Akraneskaupstaður leggi áherslu á ábyrga og gagnsæja stjórnsýslu, að jafnræði ríki og allir hafi sömu möguleika til að njóta þjónustu. Við viljum:**

- Auka íbúalýðræði, m.a. með skoðanakönnunum og aukinni nýtingu á vegfátt bæjarins.
- Stuðla að stofnun hverfaráða og skilgreina hlutverk þeirra.
- Halda íbúafundi árlega um málefni bæjarins.
- Nýta tækni í opinberri stjórnsýslu til að einfalda ferla og auka skilvirkni.
- Að jafnréttisáætlun verði unnin.
- Vinna að aðgerða – og viðbragsáætlun sem snýr að kynbundnu ofbeldi og vinna eftir þeirri áætlun.
- Gera upplýsingar um rekstur bæjarins aðgengilegar með opnu bókhaldi.
- Gæta aðhalds í rekstri og nýta möguleika sem skapast til að draga úr álögum á íbúa og auka þjónustu við þá.



Valgarður Lyngdal Jónsson



Elsa Lára Arnardóttir

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir

Ragnar B Sæmundsson

Ragnar Baldvin Sæmundsson

Bára Daðadóttir

Bára Daðadóttir